Valgerður Jónsdóttir biskupsfrú

Valgerður Jónsdóttir fæddist 14. desember 1771 á Seljalandi undir Vestur-Eyjafjöllum. Foreldrar hennar voru Sigríður Þorsteinsdóttir (1747–1824) og Jón Jónsson (1740–1788) sýslumaður í Rangárvallasýslu. Bæði voru þau vel menntuð og af ríkum ættum. Þótti Sigríður einn besti kvenkostur síns tíma. Valgerður var elst sex barna þeirra sem upp komust. Fjölskyldan bjó á Seljalandi til ársins 1775, en fluttist þá að Stórólfshvoli og loks að Móeiðarhvoli árið 1785.

Árið 1789 giftist Valgerður Hannesi Finnssyni (1739–1796) biskupi í Skálholti. Hannes og Jón, faðir Valgerðar, voru systrasynir, skólafélagar og vinir. Þá var hún 18 ára en hann fimmtugur og því var 32 ára aldursmunur á þeim hjónum. Hannes var ekkjumaður. Fyrri kona hans var Þórunn Ólafsdóttir Stephensen (1764–1786), sem var 16 ára þegar þau Hannes giftust árið 1780 en hann 41 árs. Þau eignuðust tvo syni, sem báðir létust í frumbernsku og fylgdi Þórunn þeim síðari í gröfina eftir einungis sex ára hjónaband.

„Faðir Valgerðar hélt og stúdenta hjá sér bæði sér til aðstoðar og við skriftir og til menntunar börnum sínum … Hvað Valgerður lærði hjá þessum hennar kennendum, en það veit ég að hún skrifaði betur en margur sem er settur til mennta; skildi vel danska tungu, þó ekki talaði hana. — Í stuttu máli, guð hafði svo skapað Valgerði … að hún var afbragð kvenna í útliti, fríð og höfðingleg á svip og í framgöngu með hátt og breitt enni, alvarlegan og þó blíðlegan svip. Í stuttu máli svo af guði gerð og þeim mannkostum búin að biskup Hannes Finnsson þessi mikli maður … girntist nú enga konu framar en Valgerði … hún var uppáhald föður síns …“

Lbs 400 fol. Drög Árna Helgasonar að minningarræðu um Valgerði Jónsdóttur.

Valgerður og Hannes eignuðust fjögur börn: Jón, Ólaf, Þórunni og Sigríði. Hannes lést árið 1796, eftir sjö ára hjónaband. Valgerður varð því ekkja 25 ára gömul og lifði í ekkjustandi í tíu ár. Á þeim árum stóð hún ein fyrir stóru búi og lagði kapp á að tryggja menntun barna sinna og framtíð þeirra.

Árið 1806 giftist hún Steingrími Jónssyni (1769–1845), sem þá var lektor í Bessastaðaskóla. Steingrímur hafði verið ritari Hannesar biskups og kennari á heimili biskupshjónanna í Skálholti. Árið 1811 var hann vígður prestur í Odda á Rangárvöllum og fluttust þau Valgerður þá þangað. Hann tók við biskupsembætti 1825. Fyrsta árið bjuggu þau í Reykjavík en síðan í Laugarnesi. Valgerður og Steingrímur eignuðust einn son, Hannes.

Valgerður missti seinni mann sinn 1845 og eftir það bjó hún hjá Sigríði dóttur sinni og tengdasyni á Görðum á Álftanesi. Hún lést 17. maí 1856.



Jón Hannesson
(1792–1848)

Ólafur Hannesson
(1793–1836)

Þórunn Hannesdóttir
(1794–1886)

Sigríður Hannesdóttir
(1795–1869)

„Ég kyssi þig ástarkossi“

Valgerður skrifaðist á við ástvini sína og hafa sum þeirra bréfa varðveist. Umhyggja fyrir börnum og barnabörnum kemur glöggt fram í bréfum sem hún skrifaði þeim. Sjónin var þó stundum tæp og var Valgerður þá „ónýt í augunum að klóra við ljósið“.

Í bréfum sem hún sendir Hannesi syni sínum þegar hann stundar nám í Kaupmannahöfn kemur fram að hún hefur áhyggjur af heilsu hans og framgangi í námi. Hún brýnir fyrir honum að láta ekki heimboðin tefja sig frá lærdómi og ekki koma sér til að drekka áfenga drykki. Hún sendir honum nærbuxur og biður hann um að senda sér silkiklúta og höfuðkamb. Þegar hann veikist segir hún að henni hefði verið „hughægara, hefði ég verið nær þér og ég hefði getað séð um þig, eða hjúkrað þér“.

Hannes Steingrímsson
(1809–1885)

Ástin og hjónabandið

Embættis- og efnamenn landsins giftust innan sinnar stéttar og skyldleikagiftingar voru algengar enda hjónaband byggt á hagkvæmni fremur en ást. Ókvæntir karlmenn litu kringum sig eftir vænlegum kvenkosti, allra helst stúlku sem ekki aðeins væri lagleg og „góð til undaneldis“ heldur kæmi með góðan heimanmund og arfsvon í búið. Ógiftar stúlkur voru í veikari stöðu þar sem þær biðu eftir góðu mannsefni og voru þar að auki háðar samþykki föður eða annarra forráðamanna. Í þessu efni gátu mæður einnig leikið stórt hlutverk, eins og sýslumannsekkjan Sigríður Þorsteinsdóttir, móðir Valgerðar, sem hafði „þá gleði, að gifta elztu dóttur sína byskupinum ... Dr. Hannesi Finnssyni“ byltingarárið 1789.

Valgerður og Hannes giftust á Móeiðarhvoli 16. september 1789. Hinn mikli aldursmunur sem var á hjónunum var ekki óalgengur í hagsmunahjónaböndum. Systir Valgerðar, Ragnheiður Jónsdóttir (1782–1859), sem kölluð var „táp- og kjarkmaður“ í útfararminningu, var til að mynda 41 ári yngri en eiginmaðurinn Helgi Sigurðsson konrektor (og lifði sem ekkja í 40 ár).

Koss á Þingvöllum. Mynd eftir Friederich Theodor Kloss, 1834.

Í hjónavígsluræðu Valgerðar og Hannesar hefur verið rætt um konuna skapaða af rifbeini Adams og að hún skyldi vera eiginmanni sínum undirgefin en jafnframt að honum bæri að elska húsfreyju sína eins og Kristur söfnuðinn. Umfram allt átti kona „að vera manni sínum dygg hjástoð“. Til brúðkaupsins voru fáir „inviteraðir, af prestum einasta 8, samt aðrir stórherrar, Eyrarbakka og Bakkahjáleigu undirkaupmennirnir“.

Þó að hjónaband Valgerðar og Hannesar væri hagkvæmnishjónaband virðist hafa verið kært á milli þeirra. Í bréfi sem Valgerður skrifar skömmu eftir andlát Hannesar segir hún að hann hafi verið sá maður „sem mig elskaði heitast, og hvörn ég bæði átti, og líka gat ei annað en elskað heitast“.

Gera má ráð fyrir að tilfinningar hafi ráðið meiru í síðara hjónabandi Valgerðar, þegar hún giftist Steingrími Jónssyni lektor við Bessastaðaskóla. Steingrímur var tveimur árum eldri en Valgerður og hafði verið ritari Hannesar biskups. Líklegt er að Valgerður hafi stutt hann til náms í Kaupmannahöfn 1800–1805 en þau giftust í Skálholti 2. júlí 1806. Þau gerðu með sér helmingarfélag og Steingrímur gaf henni 500 ríkisdali í morgungjöf.

Í *Æfisögu Hannesar Finnssonar* segir að hann hafi haft gott hjartalag og „sérílagi í hússtandinu, í einu og öllu, verið einhvörr hinn besti og æskilegasti ektamaki, faðir barna, og hússfaðir hjúa sinna“.

Frönsku vísindamennirnir í Gaimard-leiðangrinum árið 1836 lýstu Steingrími sem fríðum og karlmannlegum, hávöxnum, herðabreiðum og „fagurbláeygum“.



Legsteinn Hannesar Finnssonar og Þórunnar Ólafsdóttur í Skálholti. Eins og sjá má á áletruninni gerði Valgerður ráð fyrir að hvíla sjálf undir þessum steini ásamt Hannesi og Þórunni. Mynd: Ívar Brynjólfsson / Þjóðminjasafn Íslands.

Húsmódirin

Valgerður var um ævina húsmóðir á þremur stórum heimilum, í Skálholti, Odda á Rangárvöllum og Laugarnesi. Í tíu ár eftir að Hannes fyrri maður hennar dó var hún bæði bóndinn og húsfreyjan, bjó á eignarjörð sinni Skálholti og hafði ráðsmann sér til aðstoðar.

Sem eiginkona eins æðsta embættismanns landsins var hún fyrirmynd annarra kvenna. Ekki verður annað séð en að Valgerður hafi sinnt húsmóðurhlutverkinu af þeirri stjórnsemi sem til var ætlast af konu í hennar stöðu en heimilisstjórn og öll kvenmannsstörf lærði hún af móður sinni.

Húsmóðurstarfið, ekki síst á stórbýlum, fól í sér samfélagslega skyldu, rétt eins og húsbóndahlutverkið. Húsmóðirin bar ábyrgð á velferð heimilisfólks og það var hennar hlutverk að halda uppi aga og vinnusemi inni á heimilinu. Nóg var að starfa á svona heimili, sem var í senn framleiðslu- og neyslueining. Halda þurfti húsum þrifalegum, elda mat og skammta, vinna ull, prjóna og sauma, mjólka kýr og kindur í kvíum, gera smjör og ost. Störfin voru mörg og að verulegu leyti árstíðabundin.

Í áratugi var systir Valgerðar, jómfrú Margrét Jónsdóttir (1776–1857), til heimilis hjá henni. Vel má ímynda sér að Margrét hafi verið systur sinni innan handar við heimilisstjórn.

Skálholt. Mynd eftir Edward Dayes, 1789.

Vinnufólkið hefur þérað biskupsfjölskylduna og gesti hennar og í veglegri húsum, einkum í Laugarnesi, nýbyggðu húsi með stofum og herbergjum, hefur verið auðveldara að aðskilja daglegt líf vinnufólks og fjölskyldunnar.

Heimilisfólk á þessum þremur stöðum hljóp á bilinu 20–30 manns. Auk hjónanna og barna voru þar vinnukonur, stofustúlkur, vinnumenn og stundum matselja, að ógleymdum ómögum og niðursetningum. Í Skálholti og Laugarnesi voru ritarar biskupi til aðstoðar og á öllum stöðum voru ungir piltar í námi.

Oddi. Mynd eftir G. S. Mackenzie, 1810.

Steingrímur rak vinsælan heimaskóla í Odda þar sem unglingspiltar lærðu til stúdentsprófs. Vinsældirnar stöfuðu ekki aðeins af Steingrími heldur einnig Valgerði því gott þótti að vera til heimilis hjá henni. Á Suðurlandi er sagt að hún hafi verið eina konan sem kalla mátti „frú“ því hún hafði verið gift biskupi. Hinar voru „maddömur“.

Laugarnes. Mynd eftir Auguste Mayer, 1836.

Á heimilið komu bæði innlendir og erlendir gestir og kann Valgerður að hafa þjónað þeim til borðs sjálf ásamt stúlkum sínum. Ef til vill hefur hún borið fram vínið, kaffið og smákökurnar sem franskir vísindamenn fengu í Laugarnesi 1836. En hún hefur varla sest sjálf til borðs. Það gerðu konur ekki, erlendum ferðamönnum til nokkurrar furðu.

Kvenímyndin

Í drögum sem varðveist hafa af minningarorðum um Valgerði, skrifuðum af tengdasyni hennar séra Árna Helgasyni í Görðum, er talsvert lagt upp úr guðrækni hennar. Hún er sögð hafa hneigst að því „andlega“ enda hafi hún frá barnsaldri vanist við „kristilegan bæjarbrag“ og miskunnsemi. Hún var að sögn „flestum konum fremri í mörgu sem konu getur prýtt.“

Þessi orð endurspegla fremur ríkjandi hugmyndir um kvenímynd og kvenleika en það hvernig Valgerður var raunverulega sjálf. Í útfararminningum kvenna af kynslóð Valgerðar er gjarnan talað um guðhræðslu og siðvendni, enda var það í takt við það sem má til að mynda lesa í *Arnbjörgu*, frægu riti séra Björns Halldórssonar um hegðun og störf fyrirmyndarhúsmóðurinnar (sem hann byggði á eiginkonu sinni, Rannveigu Ólafsdóttur). Þar er mikið lagt upp úr iðjusemi kvenna og góðri heimilisstjórn.

Hlýðni og undirgefni við eiginmann er leiðarstef í leiðbeiningaritum og hjónavígsluræðum og þótt eiginkona ætti að gefa eiginmanni góð ráð þegar það átti við var það hann sem réði.

Í sendibréfum og öðrum heimildum frá lokum átjándu aldar og fyrstu áratugum þeirrar nítjándu má sjá að mörgum konum fannst þröngt um sig innan þess ramma sem þeim var ætlaður. Þær vildu ráða meiru um líf sitt sjálfar, hvort sem þær voru giftar eða ógiftar, og sumar voru svo heppnar að fá það svigrúm.

Svo eru ímynd og veruleiki sitthvor hluturinn.

Málfríður Einarsdóttir, ein fegursta stúlkan í Reykjavík, situr fyrir í hátíðarbúningi hjá Auguste Mayer teiknara í Gaimard-leiðangrinum 1836.

Auðugasta kona Íslands

Hannes hafði fest kaup á Skálholti á biskupsárum sínum og eftir fráfall hans árið 1796 erfði Valgerður jörðina. Fyrir lögum voru ekkjur valdamestu konur samfélagsins og Valgerður hefur haft gott fjárhagslegt bolmagn til að standa á eigin fótum. Hún fékk leyfi konungs til að sitja í óskiptu búi eftir lát Hannesar. Prestsekkjur áttu rétt á svokölluðu náðarári eftir andlát eiginmanns síns, en það þýddi að þær höfðu leyfi til að dvelja áfram á prestssetrinu í eitt ár. Valgerður óskaði eftir því að fá náðarárið greitt frá danska ríkinu og fékk.

Peningapyngja Valgerðar er varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands.

Á árunum 1796–1806 átti hún í miklum viðskiptum og eignaðist yfir 20 jarðir. Jarðirnar leigði hún út til ábúenda og fékk leiguna greidda í fríðu, til dæmis fiski, landbúnaðarafurðum, búfénaði og dagsverkum. Sagt er að Valgerður hafi verið nokkuð hörð við leiguliða sína. Hún reiddist til að mynda einum þeirra þegar hann tók í óleyfi reka sem henni tilheyrði og sagði hann hafa „lagt hendur á“ hann.

Valgerður átti rekaítök í tíu fjörum víðs vegar um land, austan úr Öræfum og vestur á Strandir. Einnig átti hún nokkra báta og gerði einkum út frá Þorlákshöfn og Grindavík. Hún hafði á sínum snærum umboðsmenn sem höfðu umsjón með rekum hennar og formenn sem sáu um útgerð báta.

Jarðeignir Valgerðar

Brimilsvellir á Snæfellsnesi, Haukatunga í Hnappadalssýslu, Ferjubakki í Mýrasýslu, Þyrill í Hvalfirði, Krókur og Hof á Kjalarnesi, Engey og Laugarnes við Reykjavík, Járngerðarstaðir og Gjáhús í Grindavík, Skálholt, Iða, Úthlíð, Sælingstunga, Drumboddsstaðir og Hólar í Biskupstungum, Hörgsholt og Þverspyrna í Hrunamannahreppi, Grímslækur í Ölfusi, Hæringsstaðir og Langholtspartur í Flóa. Einnig Efrivellir og Garðhús, sem líklega voru hjáleigur.

Valgerðarkirkja

Á árunum 1802–1804 lét Valgerður endurbyggja dómkirkjuna í Skálholti, sem hafði staðið frá 1650 og var að hruni komin. Hin nýja kirkja var nefnd Valgerðarkirkja og stóð í 50 ár. Mynd eftir Auguste Mayer, 1836.

Tískufyrirmyndin

Valgerður var tveggja alda kona. Sem ung biskupsfrú fylgdi hún tísku átjándu aldar en lýsingu á hefðarkonu um 1800 má finna í *Brandsstaðaannál*. Samkvæmt honum brúkuðu presta- og höfðingjakonur hempur til kirkju með stórum og gylltum brjóstaskjöldum af víravirki, ermahnöppum og herðafesti. Faldur var á höfði með hvítu trafi og silkiklútum ásamt koffri og laufaprjónum. Faldbúningur samanstóð af upphlut úr rauðu, grænu eða bláu damaski, flaueli eða ull, skreyttur leggingum og silfurmillum. Áfast var ullarfat (undirpils) og þar yfir rautt, grænt eða blátt vaðmálspils og svunta skreytt litríkum útsaumi, leggingum eða knipli. Treyjan var dökk og skreytt litríkum flauels- eða vírborða. Þar við brúkaðist belti með pörum og stokkum af silfri ásamt svuntuhnöppum.

Mynd úr Íslandsferð Mackenzie frá 1810 sýnir vel þá tísku sem ríkti á Íslandi um langan aldur. Sparifatnaður kvenna vakti ávallt athygli en hér má einnig sjá hversdagsfatnað, þ.e. húfubúning.

Um aldamótin 1800 báru konur svokallaðan húfubúning sem Ebenezer Henderson lýsti svo í ferðabók sinni: „Hversdagslegur vinnuklæðnaður að sumrinu er ekki annað en skyrta og pils úr hvítu vaðmáli ásamt blárri húfu, en kollurinn á henni hangir niður með öðrum vanganum og endar í rauðum eða grænum skúf. Þessar flíkur, ásamt bláu pilsi og blárri treyju, eru hversdagsklæðnaður hinna auðugustu kvenna í landinu.“

Tískan tók stöðugum breytingum og konur breyttu fötum til að fylgja nýjustu tískustraumum – fötum sem þær notuðu konu fram af konu. Hin unga ekkja fylgdist vel með nýjum tískubylgjum.

Árið 1798 fékk hún pils og svuntu samkvæmt hefðbundinni tísku úr dökkbláu klæði, fagurlega útsaumað litríkum blómstursaumi. Saumakonan var Guðrún Skúladóttir annáluð handverkskona. Greiddi Valgerður henni 10 ríkisdali kúrant. Einnig fékk hún smíðaða nýja svuntuhnappa með laufum, belti og millur. Pilsi og svuntu Valgerðar var breytt í samfellu samkvæmt tískuþróun nítjándu aldar. Samfellan er nú varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands og er sagt að hún hafi fyrst verið borin við brúðkaup Valgerðar og Steingríms 1806.

Sigurður „málari“ Guðmundsson rakti húfubúninginn aftur til 1770 en segir fyrirmynd húfunnar koma frá skólapiltum á Hólum. Fyrst hafi búningurinn þó orðið almennur um 1790 og „mun Frú Valgerður Jónsdóttir í Skálholti hafa verið sú fyrsta“ til að klæðast honum.

Dánarbú Valgerðar telur nánast eingöngu hefðbundinn íslenskan kvenfatnað í talsverðu magni. Fyrst er þar skráð mikilfenglegt skart og síðan samfellan fína, upphlutir, pils, treyjur, peysur, hempur, kragar, belti, tröf, klútar, sokkar, vasar og fleira. Þrátt fyrir nýjungagirni á yngri árum sýnir þetta íhaldssemi á efri árum eins og virðulegri sómakonu sæmdi.

Dæmi um skart úr dánarbúi Valgerðar

Gullhringur með steinum og fúttrali

Ditto með steini

Ditto einbaugur

Hárband með lás úr gulli

Tvenn gleraugu með silfurspöng

Gylltur víravirkishnappur v. 3 lóð

Ditto ditto ekki gylltur 3 lóð

Ditto ditto ditto 1 lóð

Silfurmillur v. 1 lóð

1ar silfurspennur 1 lóð

Hempukrókar úr silfri v. 9 lóð

4 hempuskildir með laufum gylltir v. 14 lóð

Belti í stokkum gyllt v. 15 lóð

10 upphlutsspennur gylltar v. 7½ lóð

Gyllt emelerað koffer,

með laufum og víraverki v. 13 lóð

Hálsfesti gyllt úr silfri v. 7 lóð

Nisti úr gulli og sett eðalsteinum

Skóspennur

Samfella Valgerðar er sett upp með flíkum í eigu Þjóðminjasafnsins. Upphlutur, treyja, kragi og belti eru allt munir frá fyrri hluta nítjándu aldar sem sóma sér vel með samfellunni þó yngri séu.

Týnd í sögunni

Þótt Valgerður hafi verið gift æðstu embættismönnum landsins og sjálf verið ríkasta kona þess um árabil var hún lengi nær ósýnileg í sögunni. Slíkt hefur verið hlutskipti margra merkra kvenna. Hvorki hefur varðveist teikning né málverk af henni, svo vitað sé. Oft var hennar getið í framhjáhlaupi í umfjöllun um karlmennina sem henni tengdust. Þó er talsvert til af heimildum er varða Valgerði sem nýst hafa við rannsóknir á lífi hennar síðustu ár.

Þegar skoðuð eru brot úr heimildum blasir við stúlkubarn sem elst upp við guðsótta og góða siði á efnuðu heimili. Hún nýtur frelsis en lærir þau innanhússstörf sem stúlku af hennar standi sæmir en fer líka í heyskap með systkinum sínum. Við vitum ekki hvað hún hefur lært af bóklegu en er sögð hafa námfúst hjarta og mikla greind. Hún skilur dönsku og hefur fallega rithönd. Kannski kunni hún hrafl í frönsku því faðir hennar og Hannes biskup höfðu lært málið og skiptust á bréfum á frönsku sér til skemmtunar.

Hún er frið sýnum og ber sig vel, höfðingleg og stéttvís. Hún er ein fínasta frú landsins og þarf að haga sér sem slík. „Háeðla velborna frú! Hæstvirðandi dyggðaríka velgjörða móðir!“ skrifar góðvinur hennar í bréfi rétt fyrir aldamótin 1800. En þegar skrúðmælgi við heilsanir og kveðjur sleppir snýst bréfið um fiskirí, veðurfar og börnin.

Minnismerki yfir Valgerði og Steingrími í Hólavallakirkjugarði. Að Steingrími látnum bað Valgerður Jón Sigurðsson um að útvega minnismerki yfir leiði hans. Nafn Valgerðar er letrað á plötu sem fest var neðarlega aftan á merkið.

Hinn fegursti minnisvarði

Mikið handritasafn varð til á biskupsheimilunum. Hannes hafði erft safn föður síns og afa og sjálfur hafði hann aukið við safnið, sem Valgerður erfði svo við lát hans. Steingrímur jók enn við safnið og að honum látnum bauð Valgerður Landsbókasafni allt handritasafnið, alls 393 bindi, til kaupa. Þann 5. júní 1846 undirritaði konungur formlegt leyfi á kaupunum og er sá dagur talinn stofndagur handritasafns Landsbókasafns.

Frá þeim degi hefur handritasafnið vaxið með hverju ári og nú eru þar varðveitt um 15.000 handrit auk fjölda einkaskjalasafna. Ómögulegt er að segja hvort svo hefði orðið án sölunnar á handritum Valgerðar. Handritasafnið er því fagur og sístækkandi minnisvarði um Valgerði Jónsdótttur.